



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Sannleikurinn um Hrunið

Þeir skynja bergmál sálar sinnar í náttúrunni

Ritgerð til B.A.-prófs

Dögg Proppé Hugosdóttir

Maí 2011

Háskóli Íslands

Sagnfræði- og heimspekideild

Heimspeki

Sannleikurinn um Hrunið

Þeir skynja bergmál sálar sinnar í náttúrunni

Ritgerð til B.A.-prófs

Dögg Proppé Hugosdóttir

Kt.: 231277-5289

Leiðbeinandi: Björn Þorsteinsson

Maí 2011

Eftir bankahrunið 2008 velti fólk fyrir sér hvernig væri hægt að vinna sig út úr stöðunni og hvað það hefði verið sem raunverulega gerðist. Þessi ritgerð á upphafspunkt sinn í Rannsóknarskýrslu Alþingis um orsakir og afleiðingar Hrunsins en ég spyr hvort það sé nóg að komin sé út skýrsla um „sannleikann“ og sökudólgarnir fundnir? Erum við þá búin að afgreiða Hrunið og vinna úr afleiðingum þess?

Í þessari ritgerð reyni ég að leita svara við þessum spurningum og hef leikinn með því að skoða stemminguna sem var innan bankanna fyrir Hrun, kynni kenningar um hóphegðun sem Hulda Þórisdóttir reifar í Rannsóknarskýrslunni þar sem hegðun bankastarfsfólks, stjórnmalamanna er útskýrð og velti því upp hvort að það sé hægt að velta þeim yfir á samfélagið í heild sinni. Með það í huga kynni ég til sögunnar kenningu Baudrillard um ofurraunveruleika sem fjallar um ímyndunarveiki og birtingarmyndir raunveruleikans og skoða hugmyndir Baudrillard um eðli kapítalismans, vald og samfélagsleg viðmið. Þá tekur Deleuze við með kenningar sínar um stýringarsamfélag nútímans og eðli kapítalismans. Því næst tek ég fyrir nokkrar greinar eftir Foucault þar sem hann fjallar um samhengi hlutanna meðal annars út frá því hvað sé bannað í samfélaginu með tilliti til eðli valdsins, samtímans og upplýsingarinnar og sýn hans á sífjafræði Nietzsche. Eftir það fer ég yfir nokkur atriði úr kenningum Hönnuh Arendt þar sem hún fjallar um tengsl heimspeki og stjórn mála, einveru, sannleika, ímyndir og þátttöku almennings í stjórn málum og samtíð sinni. Þá kynni ég almenn atriði úr heimspekikenningum Spinoza um sjálfsþekkingu, alnáttúruna og takmarkaleysi eilífðinnar í ljósi sjálfsins. Að lokum er yfirlit yfir grein Deleuze um *Síðfræði* Spinoza þar sem hann gagnrýnir síðferðilegar hefðir í ljósi blekkinga vitundarinnar og tvíhyggjunnar. Deleuze kynnir til sögunnar kenningu Spinoza um líkamann og hugsunina og útskýrir hvers vegna virkni og gleði eru mikilvæg í *heimspeki lífsins*.

Þannig reyni ég að sýna fram á að orsök Hrunsins eigi rætur að rekja djúpt í eðli þeirrar samfélagsgerðar sem við búum í og það sé ekki nægilegt að færa til viðmið og betrubæta kerfið heldur þurfi að kafa í mennskuna og skoða hið sammannlega.

Efnisyfirlit:

Inngangur.....	5
Ævintýrlega góð stemming	6
Hóphegðun.....	8
Ofurraunveruleiki og ímyndunarveiki.....	10
Sölubónusar og símenntun.....	13
Samhengi hlutanna.....	15
Af ást til heimsins	18
„Lærðu að þekkja sjálfan þig“.....	22
Siðfræðin lengi lifi	24
Lokaorð.....	27

Inngangur

Eftirleikur bankahrunsins haustið 2008, eða „Hrunsins“ eins og það er kallað í daglegu máli, var margþættur en fyrirferðarmest var almenn krafa um að sannleikurinn ætti að verða opinber um hvað hefði verið á seyði í bönkunum og ekki síður hvað hafði verið í gangi að tjaldabaki hjá stjórnvöldum. Liður í þeirri sannleiksleit var krafan um að fela fagfólki að rannsaka orsakir hrunsins. Alþingi setti á laggirnar rannsóknarnefnd fagfólks sem gaf út *Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis*, sem héðan í frá verður kölluð Rannsóknarskýrslan.¹

Rannsóknarskýrslan var reiðarslag fyrir marga, enda komu þar fram upplýsingar um glæpi og ósiðlega starfshætti. Viðauki 1 við skýrsluna er tileinkaður siðferði og nefnist *Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008*. Í þessum siðferðihluta skýrslunnar er farið vítt og breitt yfir sviðið bæði innan bankanna og stjórnsýslunnar. Þjóðareinkenni íslensku þjóðarinnar eru einnig tekin til umfjöllunar og einn kafli er helgaður hlut forseta Íslands í útrásinni.

Viðauki II við fyrrnefndan siðfræðihluta er eftir Huldu Þórisdóttur doktor í félagslegri sálfræði og ber heitið: *Afsprengi aðstæðna og fjötruð skynsemi: Aðdragandi og orsakir efnahagshrunsins á Íslandi frá sjónarhóli kenninga og rannsókna í félagslegri sálfræði*.² Þar fjallar Hulda um hegðunarmynstur fólks sem tilheyrir hóp, svokallaða hóphegðun, og greinir mismunandi tegundir hegðunar innan hópa, sérstaklega við ákvarðanatöku. Hún skoðar hóphegðun bankastarfsmanna og stjórnáamálanna frá tímanum fyrir hrun og reynir að skýra út hvers vegna þeir hegðuðu sér eins og þeir gerðu.

En hvað með hegðun almennings, fólksins sem voru ekki bankastarfsmenn eða stjórnáamálmennt, íslensku þjóðarinnar? Var almennigur einungis tóm hulstur sem vissi ekki hvað var í gangi? Hver stjórnaði upplýsingunum, orðræðunni? Þarf ekki að skoða hlutina í samhengi og þá ekki einungis tímabil útrásarvikinganna heldur víkka myndina meira út? Það er oft vitnað í 2007 sem ár græðginnar eins og græðgin, peningakapphlaupið og eftirsóknin eftir að eignast fína hluti hafi allt í einu skotið upp kollinum með bankafólki og einkaþotum. En lífsgæðakapphlaupið var löngu byrjað að þróast yfir í öfgafulla einstaklingshyggju og hafði stigmagnast á löngum tíma. Vinsæll

¹ Rannsóknarnefnd Alþingis. *Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis* (Reykjavík, Rannsóknarnefnd Alþingis samkvæmt lögum nr. 142/2008, 2010).

² Sama rit, 275-301.

popptexti frá áttunda áratugnum sýnir það til dæmis glögglega hvað skipti máli á þeim tíma: „Hann fer í ljós þrisvar í viku og mætir reglulega í líkamsrækt, hann fer í Hollywood um helgar, með mynd af bílnum í vasanum“.³

En er nóg að það sé komin út skýrsla um sannleikann og sökudólgarnir fundnir? Erum við þá búin að afgreiða Hrunið og getum haldið áfram? Hver er sannleikurinn? Hvað þurfum við að gera til þess að geta mögulega komið í veg fyrir að svona nokkuð komi fyrir aftur?

Í þessari ritgerð reyni ég að leita svara við þessum spurningum og hef leikinn með því að skoða stemminguna sem var innan bankanna fyrir Hrun, kynni kenningar um hóphegðun sem Hulda Þórisdóttir reifar í Rannsóknarskýrslunni þar sem hegðun bankastarfsfólks, stjórnmalamanna er útskýrð og velti því upp hvort að það sé hægt að velta þeim yfir á samfélagið í heild sinni. Með það í huga kynni ég til sögunnar kenningu Baudrillard um ofurraunveruleika sem fjallar um ímyndunarveiki og birtingarmyndir raunveruleikans og skoða hugmyndir Baudrillard um eðli kapítalismans, vald og samfélagsleg viðmið. Þá tekur Deleuze við með kenningar sínar um stýringarsamfélag nútímans og eðli kapítalismans. Því næst tek ég fyrir nokkrar greinar eftir Foucault þar sem hann fjallar um samhengi hlutanna meðal annars út frá því hvað sé bannað í samfélaginu með tilliti til eðli valdsins, samtímans og upplýsingarinnar og sýn hans á sífjafræði Nietzsche. Eftir það fer ég yfir nokkur atriði úr kenningum Hönnuh Arendt þar sem hún fjallar um tengsl heimspeki og stjórnmála, einveru, sannleika, ímyndir og þátttöku almennings í stjórnmálum og samtíð sinni. Þá kynni ég almenn atriði úr heimspekikenningum Spinoza um sjálfsþekkingu, alnáttúruna og takmarkaleysi eilífðinnar í ljósi sjálfins. Að lokum er yfirlit yfir grein Deleuze um *Siðfræði* Spinoza þar sem hann gagnrýnir siðferðilegar hefðir í ljósi blekkinga vitundarinnar og tvíhyggjunnar. Deleuze kynnir til sögunnar kenningu Spinoza um líkamann og hugsunina og útskýrir hvers vegna virkni og gleði eru mikilvæg í *heimspeki lífsins*.

Ævintýralega góð stemming

Í bók sinni *Ævintýraeyjan* lýsir Ármann Þorvaldsson þeirri stemmingu og samheldni sem ríkti í Kaupþingi í byrjun aldarinnar:

³ Textinn er úr vinsælu lagi Bítlavinafélagsins *Þrisvar í viku* sem kom út árið 1986, heimild tonlist.is.

Fyrirtækjamenningin sem varð til hjá okkur fyrstu árin, var mjög sérstök. Meðalaldurinn var lágur, fólk var atorkusamt og lífsglatt og það varð til þess að hjá Kaupþingi myndaðist andrúmsloft sem einkenndist af mjög mikilli vinnu en jafnframt tíðum skemmtunum.⁴

Og Ármann heldur áfram að lýsa fyrirtækjameningunni þar sem mikil samkeppni ríkti á milli deilda og þá ekki bara í hagnaði og í því að halda best skipulögðu morgunfundina heldur líka í skemmtunum fyrir utan hefðbundna vinnu. Starfsfólkið vann því ekki einungis saman allan daginn heldur eyddi það miklum tíma með samstarfsfólki utan vinnutímans í fjölskyldutengdum viðburðum og útilegum. Samsömun starfsfólksins við eigið fyrirtæki og samheldni þeirra varð enn sterkari en ella vegna einsleitni starfsfólksins og þeirrar velgengni sem fyrirtækið naut. Einnig vann starfsfólkið undir mjög mikilli pressu frá þeirri utanaðkomandi ógn sem samkeppni sambærilegra fyrirtækja var.⁵

Hulda Þórisdóttir segir, í fyrirnefndum viðauka Rannsóknarskýrslunnar, að sýnt hafi verið fram á að fyrirtæki þróist yfirleitt í þá átt að starfsfólkið verði smátt og smátt líkara og ástæðan fyrir því sé fjórþætt. Í fyrsta lagi hefur forstjórinn þannig áhrif á fyrirtækið að persónuleiki hans, bakgrunnur og gildi endurspeglast í rekstri fyrirtækisins. Í öðru lagi er það einmitt fólkið sem sækir um störf hjá fyrirtækinu sem hefur áhuga á þeim gildum sem fyrirtækið stendur fyrir. Í þriðja lagi er það fólk ráðið til starfa hjá fyrirtækinu sem passar best við fyrirtækið þ.e. bakgrunnur þeirra og gildi. Í fjórða lagi hættir síðan það fólk að starfa hjá fyrirtækinu sem finnur sig ekki hjá því. Þetta segir Hulda að rannsóknir hafi sýnt fram á. Það er þá ekki tilviljun að starfsfólkið fari smátt og smátt að endurspegla persónuleika forstjórans og gildi starfsfólksins verða samþætt vegna þessarar félagsmótunar. Ef fyrirtækið er of stórt þá verður þessi samþjöppun innan smærri deilda fyrirtækisins.⁶ En getum við tekið þessa stemmingu og velt henni yfir á íslenskt samfélag í heild sinni? Tóku allir þátt í stemmingunni? Getur verið að það sé ástæðan fyrir Hruninu?

⁴ Rannsóknarskýrslan, 288.

⁵ Sama rit, 288.

⁶ Sama rit, 287.

Hóphegðun

Hulda fjallar einnig í Rannsóknarskýrslunni um hóphegðun til að skýra hegðun starfsfólks bankanna fyrir Hrun og nefnir þar þrjú hugtök sem eru hvað mikilvægust: Hóphugsun, pólun hópa og fylgispekt. Hún segir að það sé þekkt hvernig einsleitir og samheldnir hópar hegða sér á kerfisbundinn hátt við ákvarðanatöku og þegar fólki innan slíkra hópa er svo umhugað um að ná samhljóða ákvörðun að aðrir kostir eru ekki metnir á gagnrýninn hátt kallast það hóphugsun.⁷ Engin þolinmæði er fyrir skoðanamun innan hópsins og ef einhverjum finnst hann hafa aðra skoðun leggur hann mikið á sig til að endurtúlka hana þangað til að hún nær samhljóm með hópnum. Þessi einstaklingur tjáir heldur ekki skoðun sína fyrr en endurtúlkun er lokið því annars gæti honum verið útskúfað eða hann útilokaður tímabundið.⁸ Við þessar aðstæður verður hættan sú að mikilvægar ákvarðanir séu teknar gagnrýnislaust. Pólun hópa kallast það svo þegar hópar taka ýktari ákvarðanir en einstaklingar hópsins hefðu gert einir síns liðs. Skoðanirnar virðast ekki vera svona ýktar þegar meðlimir hópsins styðja hvern annan, ræða einungis upplýsingar sem allir meðlimir hópsins búa yfir og hunsu markvisst þær upplýsingar sem allir búa ekki yfir. Ákvarðanatakan virðist eðlileg fyrir meðlimi hópsins því svo margir aðhyllast sömu niðurstöðu.⁹

Hulda segir að fólk leitist ávallt við að skapa sameiginlegan raunveruleika með öðru fólki þ.e. að fylgja að mestu leyti sameiginlegum gildum sem ríkja í því samfélagi sem fólk býr í. Hugtakið fylgispekt lýsir hópþrýstingi bæði í litlum hópum og öllu samfélaginu. Það lýsir því hvernig fólk verður ómeðvitað fyrir áhrifum frá öðru fólki í formi viðhorfa, skoðana og hegðunar og hvernig fólk ritskoði sjálfa sig, meðvitað eða ómeðvitað, þegar það finnur að það sé eitt um að hafa ákveðna skoðun innan hóps.¹⁰ Hulda fjallar einnig um kenningu, sem er skyld hugtakinu fylgispekt, um fávísi fjöldans og er birtingarmynd þess þegar einstaklingur innan hóps heldur að flestir séu honum ósammála og þorir því ekki að tjá sig um skoðun sína.¹¹

Hún segir að þegar fólk hefur of litlar upplýsingar um ákveðin mál en verður að mynda sér skoðun þá grípur það til skilvirkra leiða eins og að treysta sérfræðingum

⁷ Sama rit, 288.

⁸ Sama rit, 289.

⁹ Sama rit, 289.

¹⁰ Sama rit, 289.

¹¹ Sama rit, 290.

eða velja jákvæðustu niðurstöðuna. Í íslensku samfélagi fyrir Hrun var hefð fyrir því að treysta sérfræðingum fyrir erfiðum ákvörðunum, upplýsingar þeirra voru taldar áreiðanlegar og traustsins verðar. Á löngu tímabili var markvisst búið að innræta fólki þá hugsun að láta sig engu varða um flókin málefni því það gátu sérfræðingarnir séð um. Stjórnendur fyrirtækja voru ábyrgir sérfræðingar og stjórnámamennirnir vissu hvað var að gerast í flókinni efnahagsstöðu þjóðarinnar. Það átti enginn að hafa áhyggjur. Sérfræðingarnir og stjórnámamennirnir sögðu þjóðinni að viðskiptin gengju vel og staðan væri stöðug. Bjartsýni og jákvæðni skilaði góðum vísitölum og spámennskan blómstraði. Bölmóður og svartsýni voru slæmir kostir að hafa á samviskunni. Hulda segir að það að taka ákvörðun út frá því hvort að það sem þarf að mynda sér skoðun um veki hjá sér jákvæðar eða neikvæðar tilfinningar kallist tilfinningaskekkinga.¹²

Hulda fjallar einnig um viðbrögð fólks við skýrslum frá fyrirtækjunum Barclays Capital, Credit-Sight, Merrill-Lynch, Fitch og Danske Bank sem komu út á árunum 2006 þar sem dregin var upp svört mynd af stöðu íslensku bankanna.¹³ Forsvarsmenn bankanna og stjórnámamenn sem aðhylltust ríkisstjórnina, peningastefnuna og frjálshyggjuna fusuðu og sveiuðu yfir þessum skýrslum opinberlega. Skýrslurnar voru úthrópaðar sem ómerkilegt plagg sem Íslendingar, hin ofurgáfaða yfirburðapjóð, ættu að láta sem vind um eyru þjóta og jafnvel taka skýrsluhöfunda í kennslustund í hagfræði og bankamálum. Skýrsluhöfundar hlytu að hafa annarlegar ástæður fyrir því að skrifa svona rógburð eða væru hreinlega haldnir öfund.

Seinna kemur í ljós að skýrslurnar sýndu hlutina í réttu ljósi og sú spurning hvort forsvarsmenn bankanna og þeir stjórnámamenn sem töluðu þær niður hafi verið að ljúga blákalt er óhjákvæmileg eins og stórt blikkandi neonskilti. Hulda segir hins vegar að blekking hafi alls ekki verið markmið í huga þess fólks sem talaði skýrslurnar niður heldur hafi skýringin verið sú að það hafi verið fast í sínum eigin heimi þar sem raunveruleikinn sem það hafði sjálft búið til var staðfestur og hinn eini rétti raunveruleiki var hunsaður.¹⁴ Hulda segir að til þess að ná fram eigin markmiði og búa til sinn eigin raunveruleika þá séu allar upplýsingar sem koma fram um viðkomandi málefni endurtúlkaðar eða jafnvel hunsaðar eða dæmdar marklausar ef

¹² Sama rit, 286.

¹³ Sama rit, 276.

¹⁴ Sama rit, 277.

þær samræmast ekki lokamarkmiðinu. Það sem sé hins vegar merkilegt er að fólk reynir ávallt að vera rökvíst og réttlættir skoðanir sínar til að sannfæra viðmælendur sína. Og enn merkilegra er að fólk trúir hins vegar ekki hverju sem er eða dregur hvaða ályktun sem er. Fólk sér ekki að hugsunargangur þeirra er rangur og það er alls ekki til í að viðurkenna skekkjuna. Hulda lýsir ferlinu þannig: „Til þess að safna sönnunum leitar fólk í minni og raðar saman þekkingu sem það býr yfir svo úr verða nýjar réttlætanlegar skoðanir til samræmis við hina æskilegu niðurstöðu.“¹⁵

Eru þarna komnar fram skýringar á hegðun bankafólksins? Vöknuðu síðan allir af þyrnirósardraumi við lestur Rannsóknarskýrslunnar og lærðu af reynslunni?

Ofurraunveruleiki og ímyndunarveiki

Kenningar Jeans Baudrillard (1929-2007) um ofurraunveruleika eru oft kenndar við sýndarveruleika en hér er ekki verið að tala um framtíðargloriur vísindaskáldsagna heldur kannski í mesta lagi það sem sumir myndu flokka undir póstmódernisma.¹⁶ Þessar hugmyndir Baudrillard komu meðal annars fram í riti hans *Simulacres et simulation*¹⁷ sem hefur verið nefnd *Líkneski og eftirlíking* á íslensku.¹⁸ Baudrillard var menningarfræðingur og fjallaði mikið um menningu Bandaríkjamanna. Fræg er kenning hans um Disneyveruleika Bandaríkjamanna sem hann setti fram í *Líkneski og eftirlíking* þar sem hann heldur því fram að Bandaríkjamenn þrái að lifa að eilífu sem börn í Disneyworld.¹⁹ Baudrillard var gagnrýndur fyrir að standa í póstmódernískri niðurrífsstarfsemi og sakaður um tómhyggju en í skrifum hans felst beitt ádeila á vestræna neysluhyggju.

Líkneski og eftirlíking eru lykilhugtök í kenningum Baudrillard um ofurraunveruleikann og tákna birtingamyndir veruleikans sem umbreyta raunveruleikanum í ofurraunveruleika. Ofurraunveruleikinn er ný, eða önnur, aðferð til að setja fram og skynja raunveruleikann. Baudrillard notar þessi tvö hugtök,

¹⁵ Sama rit, 278.

¹⁶ Geir Svansson, „Inngangur: Hinsegin spámaður í eyðimörk veruleikans,“ í Jean Baudrillard, *Frá eftirlíkingu til eyðimerkur*, ritstj. Geir Svansson (Reykjavík: Bjartur – ReykjavíkurAkademían, 2000), 7.

¹⁷ Sama rit, 13.

¹⁸ Sama rit, 13.

¹⁹ Jean Baudrillard, „Framrás líkneskjanna“, Ólafur Gíslason þýddi, *Frá eftirlíkingu til eyðimerkur*, ritstj. Geir Svansson (Reykjavík: Bjartur – ReykjavíkurAkademían, 2000), 50-52.

líkneski og eftirlíking, til frekari greiningar á ferlinu og eftirmyndum ofurraunveruleikans. Örstutt upprifjun á hluta af hellislíkingu Platóns er nauðsynleg til þess að skilja hugtök Baudrillard betur. Í hellislíkingunni eru figúrir eða stytur notaðar til að birta skuggamyndir fyrir fanga sem eru hlekkjaðir niður og geta einungis horft fram en ekki afturábak, geta ekki séð upprunalegu figúrunar og vita ekki einu sinni af tilvist þeirra heldur sjá einungis eftirmyndir þeirra. Þessar figúrir kallar Baudrillard líkneski því figúrunar eru stytur í líki fólks eða dýra, endurgerðir, eftirlíkingar af raunverulegu fólki eða dýrum en þó ekki raunveruleg heldur einungis líkneski. Skuggamyndirnar eru því eftirmyndir af líkneskjunum sem eru í rauninni eftirmyndir af raunveruleikanum.²⁰ Baudrillard gengur lengra en Platón í myndlíkingunni og heldur því fram að hjá Platóni hafi líkneskið verið fölsk eftirmynd en í kenningu hans um ofurraunveruleikann sé viðmiðið horfið. Það sem hann meinar með því er að líkneskið sé þá orðin framleiðsla eftirlíkingarinnar. *Líkneskið* er þá eftirmynd án upprunalegrar fyrirmyndar og *eftirlíking* er þá ferlið þegar líkneski verður til.²¹ Þegar ofurraunveruleikinn hefur tekið við raunveruleikanum er ekki lengur hægt að greina mun á raunveruleika og eftirmyndum hans. Eftirmyndirnar eru raunverulegri en raunveruleikinn og upplifun í ofurraunveru jafnvel ánægjulegri og fyllri en í raunveruleikanum. Ofurraunveruleikanum má þannig líkja við ýktan veruleika.

Baudrillard segir að þessi framleiðsla og endurframleiðsla á raunveruleika skýri helstu taugaveiklunareinkenni samtíma okkar og að gamaldags framleiðsla eins og að framleiða vörur og nytjahluti hafi ekki lengur merkingu því núna sé áherslan á að framleiða raunveruleika.²² Við getum kannski kallað það að skapa ímynd. Til þess að ná árangri verður ímynd fyrirtækis eða jafnvel lands að höfða til fólks sem ímyndarhönnuðir framleiða. Við gætum til dæmis spurt okkur hver hafi verið ímyndarhönnuður útrásinnar. Síðan er talað um að Ísland hafi þurft að skapa sér nýja ímynd eftir Hrunið. Er þá virkilega verið að taka á vandamálinu með því að skapa nýjan raunveruleika? Eða var það hið raunverulega andlit Íslands sem þurfti kynningar við?

Er upplifun fólks orðin sú að ofurraunveruleikinn sé hinn rétti raunveruleiki og eftirsóttur en hinn eiginlegi raunveruleiki sem fólk sé statt í sé einhver hversdagsleiki

²⁰ Platon, *Ríkið* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997).

²¹ Geir Svansson, „Inngangur“, 14.

²² Baudrillard, „Framrás líkneskjanna“, 57.

sem sé einungis tímabundinn því betri raunveruleiki er rétt handan við hornið? Getur verið að Baudrillard sé að lýsa ástandi sem er orðið þannig að þegar þú upplifir eitthvert andartak eða stemmingu sem var eins og í ákveðinni bíómynd eða auglýsingu og þér finnst eins og það hafi verið alvöru andartak eða stemming? En hvað ef að þú heldur að þú sért til í ofurraunveruleikanum? Baudrillard segir að þegar einstaklingurinn upplifir sig í ofurraunveruleikanum sé hann orðinn ímyndunarveikur en viti það ekki. Hann skilgreinir það þannig „[a]ð gera sér eitthvað upp (*dissimuler*) er það sama og að þykjast ekki hafa það sem maður hefur. Að líkja eftir einhverju (*simuler*) er það sama og að látast hafa það sem maður hefur ekki.“²³ En þá flækjast málin, segir Baudrillard, því að eftirlíkingin er ekki bara það að þykjast og hann nefnir dæmi af þeim sem gera sér upp veikindi lætur sér ekki nægja að gera sér upp veikindi heldur fer að hann framkalla einkenni sjúkdómsins fram hjá sjálfum sér og trúá að þau séu í raun til staðar.²⁴

Getur verið að íslensku þjóðinni hafi fundist svo eftirsóknarvert að verða rík og raunveruleiki bankafólksins og ríka fólksins hafi verið það eftirsóknarverður að smátt og smátt hafi það einnig orðið markmið þjóðarinnar og þjóðin hafi fundist hún vera hluti af þessum raunveruleika? Er þá sannleikurinn fólgin í alhæfingunni um ímyndunarveiki íslensku þjóðarinnar? Raunveruleiki ríka fólksins var þá orðinn raunveruleiki íslensku þjóðarinnar sem skrapp til útlanda án fyrirvara, borðaði á fínum veitingastöðum og keypti sér jeppa í jólagjöf. Fólk skildi ekki alveg hvaðan allir peningarnir komu en enginn sagði neitt. Er sanngjarnt að alhæfa þannig um ímyndunarveiki og hóphegðun íslensku þjóðarinnar og skilgreina sem sannleika?

Baudrillard segir að ofurraunveruleikinn og eftirlíkingin eyðileggi markmið eða ásetning hvers lögmáls. Það sem hann á við með því er að á endanum snúist allt í höndunum á valdinu og beinist að því sjálfu og það gerist vegna þess að fjármagnið hafi þurrkað út öll viðmið sem voru til staðar og með því einnig öll mannleg markmið. Og hann segir að allar hugsjónir hafi orðið að engu því fjármagnið bjó til sín eigin lögmál og viðmið um réttlæti.²⁵ Baudrillard segir að einu vopn valdsins til að sannfæra okkur um „raunveruleika samfélagsreglunnar, um þyngdarlögmál efnahagslífsins og skýr markmið framleiðslunnar í umhverfi upplausnarinnar“²⁶ sé

²³ Sama rit, 45.

²⁴ Sama rit, 45.

²⁵ Sama rit, 56.

²⁶ Sama rit, 55-56.

sífelld að endurskapa viðmið raunveruleikans. Þannig noti valdið orðræðu kreppunnar og óskhyggjunnar sér í hag til þess að blása fólki von í brjóst og láta fjármagnið stjórna viðmiðunum. Í því sambandi segir hann að: „Slagorðið „Gerið drauma ykkar að veruleika!“ má skilja sem hið endanlega slagorð valdsins, því í heimi án viðmiða verður ruglingur á raunveruleikalögmálinu og nautnalögmálinu skaðlausari en bráðsmitandi ofurraunveruleiki. Reglurnar umlykja okkur áfram og valdið hefur alltaf rétt fyrir sér.“²⁷

Baudrillard kallar eftir hugrekki og staðfestu einstaklingsins því annars stjórni sá sem hafi valdið og raunveruleikinn færast til eftir því hver setur viðmiðið.

Sölubónusar og símenntun

Í greininni „Eftirmáli um stýringarsamfélög“ greinir Gilles Deleuze (1925-1995) samfélagsgerð nútímans með tilliti til kapítalisma og þekkingar. Hugtakið „stýring“ fær hann að láni frá bandaríska rithöfundinum William S. Burroughs og einnig leitar hann til Michels Foucault og kenninga hans um samfélagsgerðir. Foucault setti fram kenningar um samfélagsgerðir sem hann kallaði einvaldssamfélög og ögunarsamfélög og Deleuze byrjar á að kynna í fyrrnefndri grein sinni.

Einvaldssamfélagið liggur nokkuð ljóst fyrir því nafnið er mjög lýsandi fyrir þessa samfélagsgerð þar sem þar ríkir einvaldur og stjórnar samfélaginu líkt og Napóleon. Ögunarsamfélögin tóku við eftir ósigur Napóleons og stóðu hæst á átjándu og níttjándu öld. Þar réði innilokunin ríkjum og einstaklingurinn færðist á milli fjölskyldu, skóla, verksmiðju, spítala og jafnvel fangelsis. Innilokunin og stofnanir samfélagsins eru kunnuglegar og ná samhljómi við hugmyndir okkar um hvernig þjóðfélög voru byggð upp áður en hinn svokallaði nútími tók við eftir seinni heimsstyrjöldina. Stýringarsamfélögin sem taka við af ögunarsamfélögunum eru tæknivæddur nútími dagsins í dag. Deleuze lýsir þar öllum tölunum og kóðunum sem hér ráða ríkjum og spáir fyrir um internethangsið sem alþekkt er í samtímanum: „Ögunarmaðurinn framleiddi orku í afmörkuðum einingum en stýringarmaðurinn gengur í bylgjum á leið um samfelld svið ólíkra sporbauga. *Brimbrettabrú* hefur tekið við af gömlu *Íþróttunum*.“²⁸

²⁷ Sama rit, 55-56.

²⁸ Gilles Deleuze, „Eftirmáli um stýringarsamfélög“, Garðar Baldvinsson þýddi, *Ritið* (1/2002), 160.

Í stýringarsamfélögum taka söludeildirnar við stjórninni:

Markaðir eru unnir með því að taka völdin fremur en að setja upp ögunarkerfi, með því að festa verð fremur en með lækkun kostnaðar, með því að umbreyta afurðum fremur en með sérhæfðri framleiðslu. Spilling öðlast hér nýtt vald. Söludeildin verður miðstöð eða „sál“ fyrirtækisins. Okkur er sagt að fyrirtæki hafi sál og er örugglega ekki hægt að ímynda sér hræðilegri tíðindi. Markaðssetning er nú tæki til samfélagsstýringar og getur af sér það hrokafulla kyn sem nú drottinnar yfir okkur.²⁹

Fólk í stýringarsamfélagunum er orðið að viljalausum verkfærum kapítalismans, ósjálfstæðar, ópersónulegar sjálfsverur eða svokallaðir staklingar. Hin persónulega þjónusta er einungis hluti af ímyndinni sem búin er til í söludeild viðkomandi fyrirtækis. Það verða alltaf að vera til nýjungar og ný tilboð og látið að því liggja að það sé „eins gott fyrir sparifjareigandann að fylgjast vel með nýjungum og nýjustu tilboðunum“.³⁰ Deleuze segir að kapítalisminn hafi búið til umhverfi sífelldra umbóta til þess að hafa stjórn á fólkinu, sjálfsverunum. Hann segir endurtekninguna sífellda og óstöðvandi í stýringarsamfélagunum þar sem sjálfsveran verði að endurnýja sig stanslaust. En hinn almenni borgari finnur ekki fyrir því þegar þessi þróun á sér stað heldur er hann leiddur áfram í trúnni, og blekkingunni, um sífellt nýja þörf fyrir þekkingu og endurbætur. Stýringarsamfélögin eru tími hinna endalausú endurbóta: Endurbætur ráðherranna, endurbætur í menntakerfinu, endurbætur á spítölunum og öllum viðeigandi stofnunum. Deleuze segir að hin endalausá þörf fólks fyrir símenntun og námskeið um allt sé ógeðfelld uppfinning kapítalismans til þess að selja fólki vörur og hafa stjórn á því. Þannig hafi kapítalisminn smogið inn í hverja smugu þjóðfélagsins og stjórnar því innanfrá. Deleuze lýsti kapítalisma stýringarsamfélaganna sem slungnum höggormi sem leiki sér að einstaklingunum í formi markaðsetningar söludeilda fyrirtækjanna. Hér mætti nefna sem dæmi úr Rannsóknarskýrslunni lýsingu starfsmanns á því hvernig kynna skuli sparnaðarleiðir í Landsbankanum: „Þó ég sé að hringja fyrir söluveruð eða eitthvað annað þá segist ég alltaf vera að hringja úr útibúinu þar sem

²⁹ Sama rit, 161.

³⁰ Rannsóknarskýrsla Alþingis, 60.

viðskiptavinurinn er í viðskiptum, það gerir það persónulegra.³¹

Stýringarsamfélögin einkennast af tölum og kóðum sem sérfræðingar einir skilja og einstaklingarnir eða staklingarnir stjórna af bið eftir næsta útspili söludeilda fyrirtækjanna. Baudrillard talaði einnig um þessa upplausn og hvernig fjármagnið búi til ný markmið til að halda fólki sífellt á tánum. Síðan hrynur kerfið og eftir sitja staklingarnir, skuldum vafnir á sífelldum skilafrest eins og í *Réttarhöldum* Kafka og bíða eftir endurbótum ráðherrana eða að söludeildir fyrirtækjanna komi með nýtt tilboð.

Deleuze bendir á að það sé mikilvægt að skoða hverjir hagnast mest á stýringarsamfélögunum því ennþá væri kapítalisminn að halda þremur fjórðu mannkyns í fátæktargildru og hann gagnrýnir fólkið sem skildi ekki hverjir græddu mest á ögunarsamfélögunum og sættu sig við ástandið. Er hægt að finna nýjar andófsleiðir? Hann nefnir til sögunnar verkalýðsfélögin þó að tenging þeirra við ögunarsamfélögin sé mjög sterk og hann útskýrir ekkert sérstaklega hvað hann ætlar sér með þau en dæmið er áhugavert. Síðara dæmið um andófsleið sem hann nefnir er að unga þekkingarþyrsta fólkið þyrfti að beina athygli sinni á rétta staði og standast skjall markaðssetningarinnar. Í þessu sambandi má nefna eftirfarandi dæmi úr Rannsóknarskýrslunni: „Eitt tímabilið lögðu menn kannski áherslu á það að selja námsmönnum Námuna og þá byrjar þetta sem átak í því: nú greiðum við sérstaklega þúsundkall fyrir hvern námsmann, þið skiljið, og svo er næsta átak þá reglulegur sparnaður, alveg óháð því hver hann er og þá er greitt fyrir það.“³²

Það kom fólki á óvart að auglýsingaherferðin hafi verið svona vel skipulagðar og að starfsfólki hafi verið borgað sérstaklega fyrir að „selja“ fólki reglulegan sparnað eða græða á námsmönnum. Nú segir Deleuze að unga fólkið verði að beina þekkingarleit sinni gegn þessum markaðsöflum og sjá í gegnum þau. En hvernig á unga fólkið að fara að því?

Samhengi hlutanna

Michel Foucault (1926-1984) segir í grein sinni „Skipan orðræðunnar“ að það sem sé bannað hverju sinni skuli skoða nákvæmlega því að bönnin sýni tengsl orðræðunnar við löngunina og valdið. Orðræðan er mikilvæg því hún birtir bæði

³¹ Sama rit, 61.

³² Sama rit, 60.

löngunina og það sem löngunin beinist að og hún endurspeglar baráttuna, drottunarkerfin, það sem menn berjast fyrir og það sem menn berjast með. Orðræðan er valdið sem menn eru að reyna að ná tökum á.³³ Hún lýsi upp það sem sé útskúfað, til dæmis þegar skoðuð eru tengsl skynsemi og brjálæðis. Foucault segir að í gegnum tíðina hafi brjálæðingurinn annaðhvort verið dæmdur marklaus eða talinn vera boðberi sannleikans, rödd skynseminnar sem þyrfti að hlusta gaumgæfilega á. Markalínan hefur færst til og sannleiksviljinn breyst í tímans rás og núna sé brjálæðið til dæmis stofnanavætt. Foucault segir að það þurfi að skoða hvernig þekkingu er komið á framfæri í þjóðfélaginu. Og hann segir að það sé mikilvægt að skoða hvaða útilokunarkerfi séu notuð. Með því á hann við að það eigi að skoða hvaða fólk er útskúfað, hvernig það er útskúfað og einnig hvernig fólki eða málefnum sé haldið utan orðræðunnar.³⁴ Þannig hafi til dæmis iðkun hagfræðinnar frá 16. öld grundvallast á kenningu um auðæfi og framleiðslu og rökræða hennar breyst í fyrirmæli og uppskriftir.³⁵

Í greininni „Hvað er upplýsing? Hvað er bylting?“ fjallar Foucault meðal annars um Kant og skoðanir hans á upplýsingunni. Foucault segir að upplýsingin, þ.e. upplýsingaskeiðið, segi að upplýsing skipti máli fyrir framfarir en hins vegar hafi, að hans mati, upplýsingin verið hvað merkilegust fyrir þær sakir að þar hófst í fyrsta sinn samtímaorðræða og að Kant hafi verið fyrstur til að takast á við hana. Kant hafi fyrstur heimspekinga litið svo á að einstaklingurinn ætti ekki bara hlutdeild í mannlegu samfélagi heldur væri hann hluti af hóp sem væri í tengslum við sérstaka menningarheild í eigin samtíma.³⁶ Þannig hafi nútíminn verið viðfang í fyrsta sinn og viðfangsefnið um hlutverk einstaklingsins sem þáttakanda í nútímanum hafið göngu sína.³⁷ Einstaklingurinn hafi í fyrsta sinn stofnað til þversumsambands við sinn eigin samtíma og ekki einungis borið sig saman við fyrri tíma. Foucault segir líka að honum virðist sem Kant hafi lagt grunninn að heimspekihefð sem spyr hver séu skilyrði þess að sönn þekking sé möguleg og mikill hluti nútímaheimspeki síðan þá hafi þróast sem

³³ Michel Foucault, „Skipan orðræðunnar“, Gunnar Harðarson þýddi, *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*, ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1991), 192-193.

³⁴ Sama rit, 195.

³⁵ Sama rit, 195-196.

³⁶ Michel Foucault, „Hvað er upplýsing? Hvað er bylting?“, Egill Arnarson þýddi, *Hvað er heimspeki? Tíu greinar frá tuttugustu öld*, ritstj. Róbert Jack og Ármann Halldórsson (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001), 145.

³⁷ Sama rit, 145.

sannleiksgreining. Önnur heimspekihefð sé hins vegar líka til staðar og hún spyr spurninga á borð við „Hver er samtími okkar? Hvert er núverandi svið mögulegrar reynslu?“³⁸ Foucault segir að velja þurfi á milli gagnrýninnar heimspeki sem birtist sem heimspekileg greining á sannleikanum almennt og gagnrýninnar hugsunar sem mun taka á sig mynd verufræði okkar sjálfra, þ.e. verufræði samtímans.³⁹ Foucault segir einnig að það sé þessi síðari tegund heimspeki sem hafi lagt grunninn að þeirri tegund yfirvegunar sem hann hafi reynt að vinna eftir.⁴⁰

Foucault fjallar um hugmyndir Nietzsches um sifjafræði í grein sinni „Nietzsche, sifjafræði og saga“ en sjálf skilgreiningin á sifjafræði er það sem hér skiptir máli. Sifjafræðin reynir að staðsetja það sem er einstakt við atburðina án tengsla við hvers kyns einhæfa marksækni. Hún skoðar atburðina frá öðrum sjónarhornum en áður hefur verið gert, til dæmis út frá tilfinningum, ástum, samvisku eða eðlishvötum og athugar hvort þessi sjónarhorn endurtaki sig á mismunandi stöðum, tímum og aðstæðum. Þannig skoðar sifjafræðin söguna ekki einungis sem hægfara þróun heldur skoðar hún söguna til þess að uppgötva að nýju þær ólíku aðstæður sem hafa leikið ólík hlutverk eða áttu sér ekki stað. Sifjafræðin setur sig upp á móti leitinni að upprunum því sú leit felist í tilraun til að endurheimta það sem gerst hefur og greina alla atburði sem tilfallandi og að lokum finna upprunalega samsemd alls. En þetta segir Nietzsche að sé ekki hægt því að sifjafræðingurinn sjái að lokum að á bak við hlutina er ekki neitt tímalaust leyndarmál allra hluta heldur einmitt sú staðreynd að þeir eiga sér ekkert eðli og eðli þeirra varð heldur ekki til úr ýmsum brotum sögunnar. „[Sifjafræðin] sækist ekki eftir neinu í líkingu við þróun tegundar eða örlög þjóðar.“⁴¹

Er þá allt tilviljun háð? Nei, kannski ekki, en sannleikurinn er ekki lengur takmark. Nietzsche segir að verufræði snúist einungis um að leita sannleikans sem hann segir ekki vera til og strikar því yfir alla verufræði í einu. Við snúum okkur hins vegar að okkur sjálfum og notum verufræði okkar í leit að einhvers konar sjálfsþekkingu og gefumst því ekki upp á henni heldur hefjum hana til vegs og virðingar í staðinn. Sérstaklega vegna þess að ef hin sögulega vitund

³⁸ Sama rit, 153.

³⁹ Sama rit, 153.

⁴⁰ Sama rit, 154.

⁴¹ Michel Foucault, „Nietzsche, sifjafræði og saga“, Björn Þorsteinsson þýddi, *Alsæi, vald og þekking*, ritstj. Garðar Baldvinsson (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005) 219.

tekur sjálfa sig til umhugsunar og ef hún tekur almennt talað til umhugsunar sérhverja vísindalega vitund með tilvísun til sögu hennar, þá uppgötvar hún birtingarmyndir og umbreytingar þess vilja til þekkingar sem er eðlishvöt, ástríða, eldmóður rannsóknarinnar, vægðarlaus fágun, illska; hún uppgötvar ofbeldið í því að taka afstöðu: Afstöðu gegn sælu hins fávísa, gegn þeim þróttmiklu blekkingum sem mannkynið verndar sig með, afstöðu með öllu því sem er háskalegt í rannsóknum og áhyggjuefni í uppgötvunum.⁴²

Fólk hefur margt hvert misst sjónar á samtímanum og raunveruleikanum. Deleuze sagði það mikilvægt að fólk sé stanslaust vakandi fyrir markaðsöflunum og láti ekki markaðsöflin stjórna vali sínu og verkum. Það væri hægt að bæta því við að fólk ætti ekki endalaust að vera með samviskubit og vera upptekið af því að betri heimur sé handan við hornið. Fólk þurfi að vanda sig að hegða sér á góðan siðferðilegan hátt og vera sjálfstætt og óhrætt við að viðra skoðanir sínar og skoða staðreyndir málsins. Viðurkenna hvernig ástandið er, skoða það gagnrýnið og sjá hlutina í samhengi. En hvernig er hægt að halda sér ósnortnum og sívakandi? Fæst það með því að skoða hvar valdið liggur, og hver stjórnar orðræðunni og hvað er bannað og hvers vegna það er bannað? Eins og áður sagði lítur Foucault svo á að við þurfum að velja á milli gagnrýninnar heimspeki sem birtist sem heimspekileg greining á sannleikanum almennt og gagnrýninnar hugsunar sem mun taka á sig mynd verufræði okkar sjálfra, verufræði samtímans.⁴³ Hvað á hann við með þessu? Getur verið að hann sé að meina að einstaklingurinn þurfi að læra að finna fyrir hópnum og sjálfum sér og tengslunum þar á milli? Og hann þurfi að upplifa sig sem veru í samtímanum, hann þurfti að skoða samtímann, að geta greint og upplifað samtímann og séð samtímann í réttu ljósi? Er það lausnin sem hér er leitað eftir? Lausnin sem kemur í veg fyrir að álíka Hrun geti komið fyrir aftur?

Af ást til heimsins

⁴² Sama rit, 237.

⁴³ Foucault, „Hvað er upplýsing? Hvað er bylting?“, 153.

Hannah Arendt fjallaði um alræðisstjórn nasismans í víðu samhengi og reyndi meðal annars að skilja hvernig alræðið gat breiðst út um heiminn án þess að heimspekin hefði veitt neina almennilega mótspyrnu. Hún segir að Platón hafi með kenningum sínum grafið undan áhuga heimspekinga á lýðræðislegum stjórnámálum og helstu heimspekingar Vesturlanda hafi þannig, allt frá fornöld, einblínt á ást á visku og fræðilega þekkingu og verið fráhverfir veraldlegri pólitík. Heimspekingar hafi þannig orðið afhuga stjórnámálum eða hinu virka lífi, *vita activa*, og dregið sig til baka inn í *vita contemplativa*, eða líf íhugunar og ástundun fræða.⁴⁴

Arendt útskýrir þetta þannig að Platón segi að því meira sem heimspekingur aðskilur sjálfan sig frá líkama sínum þeim mun sannari heimspekingur verði hann því að á meðan líkaminn býr í ríki manna er sálin aðskilin frá mannlífinu. Sálin er hið guðlega viðfang sem heimspekin fær skynjað. Eigi heimspekingurinn að halda lífi verði hann að drottna yfir líkama sínum eins og húsbóndi yfir þræl líkt og sérhver borgari í Aþenu geri. Þannig hafi Platón fjallað um átökin milli líkama og sálar sem Arendt segir að sé í raun lýsing á átökunum milli heimspeki og stjórn mála.⁴⁵

Hún segir að Sókrates sé sá heimspekingur sem sameini hið virka líf og líf hugsunarinnar þar sem hann hafi verið afsprengi óbrenslaðra tengsla stjórn mála og heimspekilegrar reynslu.⁴⁶ Arendt segir að líklega hafi Sókrates verið fyrstur manna til þess að ræða mál ofan í kjölinn við einhvern með kerfisbundnum hætti. Fyrir Sókratesi og samborgurum hans tjáði skoðun, *doxa*, það sem einstaklingnum virðist vera en ekki hið sennilega eða margs konar sannleika heldur heimurinn allur eins og hann birtist hverjum og einum með ólíkum hætti. Orðið *doxa* merkir skoðun en einnig merkir það dýrð og frægð. Viðfang *doxa* eru ekki tilviljanakenndar draummyndir hugans en heldur ekki neitt algilt eða altækt því þrátt fyrir að heimurinn sé sameiginlegur öllum mönnum er hann um leið einstakur fyrir hverja og eina manneskju og þrátt fyrir allan mismun á milli þeirra og stöðu þeirra í heiminum „erum þú og ég bæði mennsk“.⁴⁷

⁴⁴ Sigríður Þorgeirsdóttir, „Inngangur ritstjóra,“ í Hannah Arendt, *Af ást til heimsins*, ritstj. Sigríður Þorgeirsdóttir (Reykjavík: Heimspekistofnun – Háskólaútgáfan, 2011), 14.

⁴⁵ Hannah Arendt, „Heimspeki og stjórn mála,“ Egill Arnarson þýddi, *Af ást til heimsins*, ritstj. Sigríður Þorgeirsdóttir (Reykjavík: Heimspekistofnun – Háskólaútgáfan, 2011), 109.

⁴⁶ Sigríður Þorgeirsdóttir, „Inngangur ritstjóra,“ 38.

⁴⁷ Arendt, „Heimspeki og stjórn mála,“ 96.

Arendt segir að það sé aðkallandi vöntun á ást mannfólksins til heimsins og þessi ást þurfi að byrja að birtast í margbreytilegri pólitískri þátttöku. Helsti vandinn sem steðji að stjórnámum nútímans sé annars vegar að pólitíkin einblíni á þarfir fjármálalífsins og hins vegar sú staða að í þægindasamfélagi vestrænna ríkja þar sem neyslu- og múgmennung ríkir eigi virkni í stjórnámum ekki upp á pallborðið.⁴⁸ Arendt kallar þetta ástand veraldarleysi og segir það til komið vegna fíringar í samfélaginu sem hafi hrakið borgarana til pólitísku sinnuleysis og ef fólk taki ekki þátt í samtímaatburðum sé óhjákvæmilegt að heimurinn verði tekinn yfir af öflum sem leitist eftir að gera múginn meðfærilegan og letji fólk enn frekar til pólitískrar þátttöku.⁴⁹

Arendt segir að í hinum frjálsa heimi hafi hagsmunasamtök tekið sér allt of mikið vald, ríkisstjórnir ákveða hvaða staðreyndir eru sannar og hverjar ekki og nýta sér aðferðir viðskiptaheimsins. Ímyndir skipta öllu máli til að blekkja andstæðinginn hvort sem það er einhver óvinur í samfélaginu eða meðal þjóðarinnar. Afleiðingin er sú að hópar fólks, jafnvel heilar þjóðir, miða líf sitt út frá blekkingum sem leiðtogarnir ætluðu í fyrstu aðeins andstæðingum sínum. Síðan hjálpast bæði hópurinn sem hefur verið blekkur og þeir sem standa fyrir blekkingunum að við að viðhalda blekkingarímyndinni. Ímyndinni stendur minni ógn af óvinum en af einhverjum innan hópsins sem gætu sagt sína skoðun og reynt að svarta ímyndina. Nú þegar við búum við „samskiptanet á heimsvísu“ eru engir valdhafar nógu máttugir til að skapa sér pottþétta ímynd og líftími ímynda er frekar stuttur vegna þess að staðreyndir koma í ljós og höggva stöðugt í líkneski ímyndarinnar. Þannig hefnir veruleikinn sín á þeim sem bjóða þeim birginn.⁵⁰

Þegar lygarnar hafa tekið yfir stjórnámálin og þau eru farin að snúast um að búa til betri og frjórri raunveruleika úr „þykjustunni“⁵¹ þá verður enginn grunnpunktur eftir og allar tilraunir til að breyta og bæta taka yfir reynast árangurslausar. Þetta ástand segir Arendt að sé „einmitt einkenni margra ungra þjóða sem búa við þá ógæfu að hafa orðið til á áróðursöld.“⁵²

⁴⁸ Sigríður Þorgeirsdóttir, „Inngangur ritstjóra,“ 11.

⁴⁹ Sama rit, 14.

⁵⁰ Arendt, „Sannleikur og stjórnámál,“ Guðrún Eva Mínervudóttir þýddi, *Af ást til heimsins*, ritstj. Sigríður Þorgeirsdóttir (Reykjavík: Heimspekistofnun – Háskólaútgáfan, 2011), 154-155.

⁵¹ Sama rit, 157.

⁵² Sama rit, 158.

Véfréttin í Delfi sendi út boð: Þekktu sjálfan þig. Arendt segir að sér virðist Sókrates leggja þann skilning í skilaboðin frá Véfréttinni að aðeins með því að þekkja það sem birtist í raunveruleikanum sé hægt að skilja sannleikann. Fyrir dauðlegum mönnum getur algild þekking ekki verið til því þá væri hún söm fyrir alla. Hins vegar er mikilvægt að dauðlegir menn tjái sannleikann skýrt með *doxa* þannig að sannleikurinn ljúkist upp fyrir þeim sjálfum og öðrum.⁵³

Arendt lýsir dómgreind þannig að ef manneskjan er ekki fær um að setja mál í samhengi og skilja aðstæðurnar skipti reglur og siðaboð engu máli.⁵⁴ Áreiðanlegustu langtímaáhrif heilapvottar eru að neita algerlega að leggja trúnað á nokkurn hlut, sama hversu vandlega hann hefur verið staðfestur. Það er því ekki þannig að þegar stanslaust hafa verið höfð endaskipti á lygum og sannindum sé niðurstaðan sú að lygarnar eru samþykktar sem sannleikur og sannleikurinn úthrópaður sem lygi heldur gerist það að hæfileikinn til að átta sig á veruleikanum er lagður í rúst.⁵⁵ Og á þessum vanda er engin lausn nema að það er hægt að benda á að staðreyndir og atvik sem eru sannleikanum samkvæm hafa stöðuga viðveru.⁵⁶

Vegna þess að enginn fékk að njóta einsemdar við sjálfan sig í alræðisríkinu, að frátaldri einangrunarvist, segir Arendt það staðreynd að samviska manna varð óvirk því að það sé ekki hægt að halda samviskunni heilbrigðri án þess að njóta einsemdar með sjálfum sér og geta átt í samræðu við sjálfan sig.⁵⁷ Arendt útskýrir að ein af mörgum birtingarmyndum þess að standa einn sé að standa utan við stjórnsmál þess samfélags sem við tilheyrum og samneytis við féлага okkar en að tilvistarhættir einverunnar séu þó sammannlegir sem veruhættir mannlegrar tilveru.⁵⁸

Arendt segir að ástæðan fyrir því að stjórnsmál séu í svona slæmum málum sé að við hugsum ekki um þau á háleitari hátt. Þannig förum við á mis við þá gleði og fullnægju sem stjórnsmálin geta veitt með því að ræða um málefnið, vinna í samvinnu við annað fólk að mikilvægum málum og þannig fundið fyrir tilgangi í samfélagi sínu og samtíð. Það sem Arendt segir að hún hafi ætlað að sýna fram á eru hvað stjórnsmál eru takmörkuð þar sem þau ná ekki yfir „alla tilveru manns og heims.“ Hún segir að takmörk stjórnsmálanna liggi í þeirri staðreynd að það sé margt sem þau fái ekki

⁵³ Arendt, „Heimspeki og stjórnsmál,“ 100.

⁵⁴ Sigríður Þorgeirsdóttir, „Inngangur ritstjóra,“ 37.

⁵⁵ Arendt, „Sannleikur og stjórnsmál,“ 156.

⁵⁶ Sama rit, 157.

⁵⁷ Arendt, „Heimspeki og stjórnsmál,“ 106.

⁵⁸ Arendt, „Sannleikur og stjórnsmál,“ 159.

breytt. Það eru ákveðnir fastar sem þau hafa ekki umráðasvið yfir. Arendt segir að sannleikurinn sé það sem ekki sé hægt að breyta, hið eina sem er fasti í lífi einstaklingsins. „Á líkingamáli má segja að [sannleikurinn] sé jörðin undir fótum okkar og himinninn yfir höfðum okkar.“⁵⁹

Getur verið að pólitískt sinnuleysi fólks hafi valdið Hruninu? Hvað á Arendt við þegar hún er að tala um einveruna?

„Lærðu að þekkja sjálfan þig“⁶⁰

Baruch Spinoza (1632-1677) sagði að umburðarlyndi væri það sem vantaði í stjórn málin til að hlutirnir gætu gengið upp. Hann vísaði í því sambandi í kenningu sína um að í eðli mannsins búi vilji til að lifa og vernda lífið og það væri nauðsynlegt að trúfrelsi, tjáningarfrelsi og hugsanafrelsi fengju að blómstra óáreitt.⁶¹ Maðurinn verður frjáls með því að beita skynseminni og skilja hvernig allir hlutir tengjast guði. Með guði á Spinoza við frumhlutinn⁶² og vitundin nær þá til alls heimsins í stað þess að vera takmörkuð við eitt sjálf og háð hverfuleika einstakra atburða.⁶³ Frumhluturinn er því eins konar fullkomin aristótelísku skilgreiningarinnar á verund sem segir að verur eða hlutir eigi sér sjálfstæða tilvist.⁶⁴ Frumhluturinn er náttúran, alheimurinn og eilífðin en rúmtak og hugsun eru tvö birtingarform, hættir eða einkenni frumhlutarins. Maðurinn getur haft beint samband við birtingarform eða hætti frumhlutarins en ekki við hann sjálfan. Þar sem frumhluturinn er náttúran telst kenning Spinoza til einhyggju þar sem allt er eitt og allt verður skilið út frá þessu eina.⁶⁵

Takmarkaleysi heimsins á sér hvorki upphaf né endi í rúmi eða tíma því heimurinn hefur aldrei byrjað eða hætt að vera til. Heimurinn er ekki aðeins núna heldur alltaf var og alltaf mun verða. Einstakir hlutir í heiminum líkt og jörðin og

⁵⁹ Sama rit, 163.

⁶⁰ Þessi kunnuglega setning kemur til dæmis fyrir í söngleiknum *Öskubuska* sem sýndur var í Þjóðleikhúsinu 1978 í leikstjórn Stefáns Baldurssonar og vísar til þess þegar vonda stjúpan setur Öskubusku fyrir óleysanleg verkefni. Öskubuska hefði kannski átt að lesa Spinoza.

⁶¹ Gunnar Skirbekk og Nils Gilje, *Heimspokisaga*, Stefán Hjörleifsson þýddi, (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008), 305.

⁶² Spinoza skrifaði á latínu og notaði orðið *substantia*.

⁶³ Skirbekk og Gilje, *Heimspokisaga*, 306.

⁶⁴ Sama rit, 307.

⁶⁵ Sama rit, 308.

aðrir hnettir í himingeimnum eru tímabundnir vegna þess að þeir áttu sér upphaf og munu þess vegna líða undir lok. Sólkerfið okkar er aðeins örlítill frumeind í ótakmörkuðum líkama alheimsins sem býr yfir óteljandi sólkerfum.⁶⁶

Samkvæmt Spinoza er takmark mannsins frjálst og æðrulaust líf sem sé laust undan óróleika hugans og þeim hverfulu ástríðum sem stjórna lífi hins óupplýsta manns. Maður sem hefur náð þessu takmarki hefur lært að skoða lífið og alheiminn frá sjónarhóli eilífðarinnar en það segir Spinoza að gerist með því að opna augun fyrir lögmálum alnáttúrunnar, skilja þau og viðurkenna. Og það sé einmitt þessi skilningur á nauðsyninni sem veiti ró og frelsi.⁶⁷

Rökhyggjukerfið sem Spinoza hannaði endurspeglar þá trú hans að mannleg skynsemi hefði hæfileika og getu til þess að öðlast fullkomna og trausta þekkingu einungis með sjálflyjósum sannindum og afleiðslu. Þessa trú sína byggði hann á að hið beina innsæi mannsins leiddi eðli hlutanna í ljós og það skipti ekki máli hvernig þekkingar er aflað því að lokum þurfi maðurinn alltaf að treysta á innsæið.⁶⁸

Spinoza segir að geðshræringar geti annaðhvort truflað eða virkjað innsæið þar sem góðar geðshræringar örvi manninn til dáða en skaðlegar geðshræringar letji, deyfji og geri hann að þræli girndarinnar eftir ríkidæmi, mannvirðingum og nautnum og standi þannig í vegi fyrir sannri hamingju og hugarró hans.⁶⁹ Eina leiðin út úr þessu ójafnvægi sé að maðurinn verði virkur og í ríkari mæli orsök eigin athafna því það að vera frjáls er að vera uppspretta manns sjálfs. Virkni er ekki sífelldur erill, órói eða hemjulaust umstang heldur sá andlegi kraftur sem sé eiginlegur eðli mannsins til að móta gerðir sínar og líf og hlýtur uppfyllingu í virkri þekkingarleit. Þekkingin geri mannum kleift að samsama sig alnáttúrunni.

Spinoza segir að það að þekkja sjálfan sig feli í sér að skilja það samhengi sem maður lifir í og þekkja meira en „sig sjálfan“ í þröngum skilningi. Það er að skilja sjálfan sig sem þátttakanda í ákveðnum aðstæðum og sem hluta af heild.⁷⁰ Maðurinn verður að koma auga á sannleikann um innra samband sitt við alveruna því sjálfíð spannar ekki alveruna fyrir en hann skilur það.⁷¹ Því betur sem maðurinn sér hvernig félagslegt og náttúrulegt umhverfi mótast hann og stjórnar athöfnum hans því frjálssari

⁶⁶ Gretar Fells, „Spinoza,“ *Alþýðublaðið* (jól 1964), 909-912.

⁶⁷ Skirbekk og Gilje, *Heimspækisaga*, 305.

⁶⁸ Sama rit, 303-304.

⁶⁹ Sama rit, 306.

⁷⁰ Sama rit, 310.

⁷¹ Sama rit, 310.

verður hann.⁷² Þannig feli siðfræðin í sér sjálfsskilning sem gerir manneskjuna frjálsari og stuðli að uppbyggingu sjálfsvitundarinnar.⁷³ Að skilja hvað það er að vera maður er að skilja hvernig maðurinn er hluti af alverunni því það er ekki hægt að skilja nokkurn hlut án þess að sjá hann í stærra samhengi og frá réttu sjónarhorni. Eðlishvöt sérhverrar lifandi veru er að leita hamingju en forðast óhamingju og hamingja hvers einstaklings er háð því að mannkyninu öllu vegni vel.⁷⁴

Siðfræðin lengi lifi

Deleuze segir Spinoza kynna alveg nýja hugsun þegar hann bjóði heimspekingnum að gera líkamann að ímynd sinni. Um þetta skrifar Deleuze í greininni „Hvernig *Siðfræðin* greinir sig frá hvers kyns siðferði“ þar sem hann greinir *Siðfræði* Spinoza í ljósi ásakana á hendur Spinoza um efnishyggju, siðleysi og guðleysi.⁷⁵ Deleuze segir verkefni *Siðfræðinnar* vera í fyrsta lagi hvernig öðlast megi sem flestar gleðilegar kenndir og komast á svið frjálsra og virkra tilfinninga, í öðru lagi hvernig hægt sé að móta réttar og hæfilegar hugmyndir og í þriðja lagi hvernig öðlast megi vitund um sjálfan sig, guð og hlutina þegar svo virðist sem vitund okkar verði ekki skilin frá blekkingum. Deleuze segir *Siðfræðina* vera tvílyfta bók, því þurfi að skoða það sem sé bæði á fyrstu hæð og annarri hæð og hafa beri í huga að ferðin sem *Siðfræðin* tekst á hendur sé öll í íverunni en íveran sé hið ómeðvitaða.

Spinoza vildi draga úr gildi vitundarinnar en auka gildi hugsunarinnar að sama skapi. Hann ögraði viðteknum kennisetningum um líkamann með því að segja að enginn vissi hvers líkaminn væri megnugur og að þannig væri ríkjandi mikil fávísi um líkamann. Í einni frægustu kennisetningu sinni, *hliðstæðuhyggjunni*, hafnar Spinoza orsakasambandi milli hugar og líkama og bannar að öðrum þættinum sé hampað á kostnað hins. Með því að hafna yfirburðum líkamans yfir sálinni og öfugt, kollvarpaði hann grundvallarhugmyndinni um siðferðið sem drottunarviðleitni vitundarinnar yfir kenndunum þar sem líkaminn er gerandi og sálin þolandi og öfugt.

⁷² Sama rit, 310.

⁷³ Sama rit, 312.

⁷⁴ Gretar Fells, „Spinoza“, 909-912.

⁷⁵ Gilles Deleuze, „Hvernig *Siðfræðin* greinir sig frá hvers kyns siðferði“, Björn Þorsteinsson þýddi, *Hugur* 16 (2004), 170-179. Kaflinn sem hér fer á eftir byggir að stærstum hluta á þessari túlkun Deleuze á Spinoza.

Heildarlögmál líkamans kallar Spinoza *kennisamband*. Kennisambönd eru ekki manningnum ljós því þau eru flókin lögmál og vegna ástandsins á vitundinni og þekkingu mannsins hefur hann einungis aðgang að ófullkomnum, ruglingslegum og bjöguðum hugmyndum. Það er vegna þess að afleiðingar eru úr tengslum við orsakir sínar og maðurinn sem vitundarvera tekur bara við afleiðingunum. Í gegnum tíðina hefur ætíð verið einblínt á afleiðingar og þannig hefur blekkingum vitundarinnar verið viðhaldið en vitundin þarf bæði að viðurkenna orsakir og skilja þær því svið orsakanna er vettvangur þar sem sambönd myndast og losna.

Með *hinni þreföldu blekkingu* sefar vitundin angistina sem hlýst af fáfræði hennar. Hún blekkir sig um tilgang sinn með því að halda því fram að afleiðingar séu orsakir. Hún lítur á sig sem frumorsök sem hafi vald yfir líkamanum og viðheldur þannig blekkingunni um frjálsar ákvarðanir. Ef vitundin getur ekki lengur séð sjálfa sig sem frumorsök eða skipuleggjanda markmiðanna þá blekkir hún sig um guð sem hún gæðir vilja og skilningsgáfu sem komi sínu fram með beitingu tilgangsorsaka eða frjálsum ákvörðunum. Blekkingin um guð og refsivald hans hefur verið jafn þrautseig og raun ber vitni vegna þess að þekkingar á orsökum hefur aldrei verið aflað.

Spinoza segir að það geti vel verið að siðferðið hafi rétt fyrir sér í mörgum málum en það sé ekki viðfangsefni hans heldur hvernig þekking verði til. Siðferðið bjóði hins vegar alls ekki upp á þekkingu heldur á fólk samkvæmt því að hegða sér eftir ákveðnum reglum sem hafa verið settar vegna þess að guð eða eitthvert annað yfirvald boði þær og þannig læri veran að hlýða valdboði.

Hann tekur dæmi: Guð bendir Adam á að eplið sem hann langi í sé eittrað og vegna þessa muni hann finna fyrir eitrunaráhrifum út af því að kennisambönd þeirra muni ekki vinna saman á uppbyggilegan hátt. Eitraði ávöxturinn skilyrðir hina ýmsu líkamshluta Adams á þann hátt að þeir mynda ný sambönd sem stangast á við eðli hans. Adam heldur að guð sé að banna honum að borða epli vegna siðferðilegra ástæðna. En guð er ekki að banna Adam neitt heldur einungis að benda honum á náttúrulegar afleiðingar þess að bíta í eplið og Spinoza segir að öll þau fyrirbæri sem við fellum undir hugtakið *illt*, til dæmis sjúkdómar, meltingatruflanir, eitrun, víma eða dauðinn séu í reynd af þessu tagi.

Ef maðurinn skilur þannig hvernig kennisamböndin hafa áhrif á hann getur hann byrjað að skilja orsakir. Í stað dómarasætis guðs og tilvistar gilda í handanverunni um gott og illt verður til eigindlegur greinarmunur íverandi tilvistarháttu um gott og slæmt.

Góðmennskan snýst um lífsorku, mátt og samruna máttugra sambanda. Slæmskan einkennir þann sem lætur kylfu ráða kasti varðandi samfundi sína og sýnir vanmátt sinn með því að kvarta og kveina yfir afleiðingunum sem honum finnst sér andsnúnar.

Að flokka dýr í ættkvíslir og tegundir eru einungis leifar af siðferði en þess í stað ætti ætti að flokka dýr eftir hrifnæmi þeirra. Hrif og hrifnæmi eru viðfangsefni siðfræðinnar þar sem gjörðir og kenndir eru skoðaðar. Kenndirnar eiga upptök sín fyrir utan einstaklinginn en gjörðir eru eðli einstaklingsins. Tregi og gleði eru síðan tvær tegundir kennda og aðgerðarmátturinn minnkar og eykst eftir því hvor kenndin hefur yfirhöndina. Ef kennisamband er slæmt tekur treginn yfirhöndina og aðgerðarmátturinn minnkar en ef kennisamband er gott fyllist maðurinn gleði og aðgerðarmátturinn eykst sem getur að lokum endað í því að maðurinn fyllist starfsgleði sem er einnig lokatakmarkið. Spinoza vill draga úr gildi tregafullra kennda því þær eru ólgan í sálinni, óendanleiki langanna, fégræðgin og hjátrúin. Tregafullar sálir þurfa á hver annarri að halda og eiga sameiginlega heiftrækni í garð lífsins en maður heiftrækninnar lítur á hvers kyns hamingju og gleði sem móðgun þar sem hann veltir sér upp úr vanmætti og eymd. Spinoza tekur í þessu sambandi dæmi af ungmenni sem vill frekar ganga í herinn og fara í stríð en að sitja undir föðurlegum ábendingum heima fyrir.

Hið sanna borgríki býður borgurunum að elska frelsið á kostnað vonarinnar um laun og jafnvel á kostnað þess að eignir þeirra séu tryggðar og þrælar fái laun fyrir að hegða sér vel en það eigi ekki við um frjálsa menn. *Þrenningu siðferðispostula* nefnir Spinoza þrenns konar manngerðir sem eru undirlagðar af tregafullum kenndum og fara í taugarnar á Spinoza. Í fyrsta lagi er það þrællinn sem er ekkert annað en hylki af tregafullum kenndum. Í öðru lagi er það harðstjórinn sem byggir styrk sinn og vald á tregafullu kenndunum. Og í þriðja lagi er það presturinn sem er fullur af trega yfir hlutskipti mannanna og því sem á þá er lagt almennt séð. Með hjálp þessara siðferðispostula blekkir einveldisstjórnin þegna sína og klæðir óttann í dulargervi trúarbragðanna. Tilgangur þessarar miklu blekkingar er að halda þegnunum í þrældómi og láta þá berjast fyrir sæluvist sem kemur aldrei. Deleuze fullyrðir að þessi greining Spinoza taki öllu fram sem sést hefur frá dögum Epíkúrs og Lúkretíusar

Spinoza fordæmdi falshugmyndir um lífið, löngu fyrir daga Nietzsches, og öll þau gildi sem gera lítið úr lífinu eins og möntrurnar um að við lifum ekki því líf okkar sé ekkert annað en þykjustuleikur og við hugsum um ekkert annað en að komast hjá

því að deyja og þannig sé líf okkar ekkert annað en tilbeiðsla dauðans. Deleuze fullyrðir að Spinoza gefi okkur heimspeki lífsins vegna þess að hann gagnrýni allt sem myndi gjá á milli okkar og lífsins. Deleuze á þar við öll þau handanverandi gildi sem beinast gegn lífinu og tengjast skilyrðum og talsýnum vitundar okkar og þannig hjálpi Spinoza okkur að halda huganum skýrum.

Spinoza segir að heimspekingurinn eigi að forðast að nota lögmálshugtak siðferðislögmála og nota í stað eilíf sannindi náttúrunnar því hlýðni sé eini tilgangur lögmála og búi ekki yfir neinni þekkingu. Siðfræðin boði að í stað andstæðra gilda hins siðferðilega dómsvalds ætti að vera gerður eigindlegur greinarmunur á tilvistarháttum. Vitundin er fáfróð og þekkir ekki svið orsaka og lögmála, svið sæmda og birtingarmynda þeirra heldur bíður eftir afleiðingunum. Siðferðinu skjátlast því um náttúruna í heild sinni því hún hefur enga þekkingu á henni. Talsýnin um gildi og vitund veldur þannig skilningsskorti sem getur ekki endað öðruvísi en með siðapredikun og boðun siðferðislögmála. Spinoza leggur áherslu á að deila siðfræðinnar og siðferðisins sé ekki um túlkanir á sömu forskriftunum heldur vilji siðfræðin skipta um kerfi því gamla kerfi siðferðisins sé ónýtt.

Lokaorð

Hvað orsakaði þá Hrunið? Við getum útskýrt með sálfræðilegum kenningum eins og Hulda gerði í Rannsóknarskýrslunni hvernig ákvarðanir voru teknar innan bankanna og stjórnmalanna. Það er hægt að fá einhver svör við því af hverju bankafólkið gat hagað sér svona siðlaust án þess að uppgötva það. Við getum jafnvel gengið svo langt að líkja ástandinu við nasismann og önnur öfgakennd hugmyndakerfi eins og Vísindakirkjuna. Við gætum sagt að bankafólkið og stjórnmalamennirnir hafi fest í krumlum ákveðins hugmyndakerfis og sálfræðilegar kenningar geti skýrt hegðun þeirra en Hrunið hafi síðan frelsað það. En hvað þá með almenning? Var hann líka fastur í öfgakenndum hugmyndakerfum og gat sig hvergi hreyft og þegar Hrunið varð fékk hann áfall? Og þegar Rannsóknarskýrslan kom út hafi sannleikurinn komið í ljós, sökudólgarnir fundnir og málið dautt? Er þá ekki einmitt aðeins verið að takast á við afleiðingarnar eins og Spinoza talaði um? Það er ekki hægt að segja að allir hafi verið ímyndunarveikir í ofurraunveruleika. Það var ekki þannig. Það tóku ekki allir þátt í græðginni og blekkingunum á svo öfgafullan hátt eða jafnvel alls ekki en það eru samt allir ábyrgir fyrir Hruninu.

Við þurfum að skoða eðli þess samfélags sem við búum í til að geta skilið betur samhengi hlutanna. Þannig getum við notfært okkur til dæmis lýsingar á stýringarsamfélögum Deleuze þar sem kapítalisminn er við völd og séð að kapítalisminn hér var ekkert séríslenskt fyrirbæri. En hvert er eðli kapítalismans? Frelsi markaðarins, söludeildirnar taka við stjórninni og eins og Arendt benti á hafa stjórn málin fjarlægst fólkið. Hún segir að það sé vegna þess að heimspekin hafi fjarlægst stjórn málin allt frá fornöld og nú sé tími til að tengja heimspekina og stjórn málin aftur á ný. Það er mikilvægt að hafa skoðun á stjórn málum. Þau eru mannleg mál. Manneskjan er of upptekin við að þjóna geðshræringum sínum..

Við getum búið til segul á ísskápinn með leiðbeiningum um hvernig eigi að komast hjá því að láta stjórnast. Við getum talið upp allt sem Foucault og Deleuze nefndu að væri vísbendingar um að hvar valdið liggir. Það þarf að skoða orðræðuna og hver stjórn henni. Það þarf að sjá hvað liggur á bak við markaðssetningar fyrirtækjanna. Það þarf að vera með það á hreinu hvað er ímynd og hvað er raunveruleiki. Það þarf að sjá í gegnum blekkingarnar. Þetta gæti verið gátlisti og leiðbeiningar um hvernig eigi að bregðast við þegar hver og einn verður var við eitthvað af þessum óheillabrogðum. En er það ekki enn önnur slæm geðshræringin? Enn eitt dæmi um að halda fólki í ótta og spila á slæmar geðshræringar? Þannig virðist mér ástandið vera víða í heiminum í dag. Markaðsöflin spila á geðshræringar fólks, koma róti á huga fólks og halda þannig kapítalísku samfélaginu gangandi. Það þarf að kaupa hluti til þess að líða vel, koma í veg fyrir vanlíðan eða vegna hræðslu um að eitthvað gæti gerst. Kaupa síðan aðeins meira í viðbót til þess að líða aðeins betur.

Eftir Hrúnið fann fólk fyrir löngun til að spóla afturábak til þess tíma þegar fjölskyldur komu og saman og tóku slátur. Finna gamla Ísland aftur og lifa einföldu, fjölskylduvænu og hversdagslegu lífi með þjónum og pönnukökum. Söludeildirnar voru fljótar að pikka upp þessa stemmingu og allar auglýsingar og ímyndir breyttust. Nú voru það smiðurinn og sjúkraliðinn sem voru í forgrunni í auglýsingum til að sýna fólki að fyrirtækið vissi að það væri bara venjulegt fólk. Lyftiduftið var fært frammar í verslanir enda jókst salan um hundruð prósentu frá því fyrir Hrun. Ímyndirnar héldu bara áfram að breytast í takt við stemminguna og allt er ennþá brenglað og bjagað því raunveruleikinn kemst aldrei að. Viðmiðin eru bara færð til og valdið vinnur alltaf.

Öll umræðan um þjóðarímynd og þjóðareinkenni fór afskaplega í taugarnar á mér eftir Hrun og Rannsóknarskýrslu. Ég elska íslenska menningu en við megum ekki

blanda þessu öllu saman í einn tilbúinn sannleika eða nýja framleidda ímynd. Meðaltöl eða skoðanakannanir um þjóðarstolt eða þjóðareinkenni breyta ekki mennskunni. Umræðan um þjóðarsál eykur ekki samkennd mína með þjóðinni. Tungumálið, menningin og náttúran gera það hins vegar. Við berum ábyrgð gagnvart samtímanum. Ekki bara sem hluti af mannlegu samfélagi heldur hóp sem er í tengslum við sérstaka menningarheild í eigin samtíma. Við berum ábyrgð á menningu samtíma okkar.

Við þurfum ekki að betrubæta eða bíða eftir að einhver annar betrubæti eitthvað fyrir okkur. Við þurfum nýja hugsun. Við þurfum að skipta um kerfi – inni í okkur. Hugsunin kemur nú í stað vitundarinnar sem var þræll blekkingarinnar og hefur eyðilagt fyrir mannum síðan hún var fundin upp í fornöld.

Við kynnum með stolti: Líkamann! Líkamleikann. Hver er einstakur í sínum líkamleika. Hvað er það sem sameinar bæði það sem er einstakt og það sem er sameiginlegt? Ef við förum að ráði Foucault og skoðum það hvað það er sem kapítalisminn býður ekki upp á þá má spyrja: er það ekki einveran? Það er ekki hægt að vera einn með sjálfum sér. Það þarf alltaf að vera að djöflast í einhverjum hamangangi og vera hress, öflugur, bjartur og brosandí.

Við höfum knýjandi þörf fyrir þetta eina. Það sem sumir kalla guð og aðrir handanveru. Þess vegna þurfum við að leita hins eina sannleika en sannleikurinn er ekki til. En við getum fundið hið eina, það er allt í kringum okkur og inni í okkur. Það er eilífðin – alnátúran og líkaminn.

Spinoza losar okkur við samviskubit og syndir, tregafullar kenndir og hatur. Það er ekkert eftir nema gleði og tenging okkar við alheiminn. Síðan er spurning hvort hægt sé að nota þessa heimspeki lífsins til að sjá í gegn um blekkjandi orðræðu, vald, spillingu, kúgandi kerfi, markaðsátök söludeildanna og óréttlæti.

Erum við þá ekki ennþá í leitinni að sannleikanum? Eða gætum við kallað það eitthvað annað eins og opinberun? Í Rannsóknarskýrslunni fóru sérfræðingarnir yfir staðreyndirnar, margir fengu áfall yfir því sem þar kom fram, glæpir uppgötvaðust. Er það opinberunin?

Er allt tilviljun háð? Nei, en sannleikurinn verður allavega ekki fundinn því hann er ekki til í því formi sem leitað er að. Það er hægt að lýsa einstaka hegðun og atburðum og skýra þá og greina en það er ekki hægt að finna hinn heilaga sannleika um uppruna bankahrunsins. Það er hægt að lýsa stemmingum og hóphegðun í samfélögum en það er ekki algildur sannleikur fyrir allt samfélagið. Við getum á

einhvern hátt skilið orsakir Hrunsins til dæmis gæti kapítalisminn verið ástæða hrunsins og vissulega getur einkavæðing bankanna verið ástæða þess að svona fór en það er ekki sannleikurinn og við getum aldrei náð utan um neitt ef að við tökumst bara á við afleiðingarnar. Það voru ekki allir sem lifðu kapítalísku lífi, sumir sáu hvað bjó að baki markaðsaflanna. Það þarf að skoða hlutina frá öðru sjónarhorni, t.d. tilfinningum og hvötum.

Þú þarft að skilja og finna fyrir sjálfum þér og finna fyrir og skilja tengsl þín við aðra hópa sem þú tilheyrir. Gæti verið þjóð, gæti verið fjölskylda. Ég er ekki að tala um að allir eigi að ganga út á götur sem hinn nýi Messías eða undrast eins og Sókrates og ganga um götur sem heimspekingar. Þvert á móti. Hegðunin á sér stað á tilfinningasviðinu og í samskiptum. Henni fylgir yfirvegum og ábyrgð, en ekki örvænta, þetta er ekki leiðinlegt eða erfitt. Ég er ekki að tala um áfallið sem hlýst af því þegar maðurinn stendur einn frammi fyrir alheiminum og finnur fyrir dauðleika sínum. Ég er að tala um það þegar maðurinn finnur fyrir sér í alheiminum og fyllist gleði, tilgangi og samkennd með öðrum og öllu sem er til.

Spinoza talar um gleði og virkni. Gleði og hamingja í daglegum störfum. Það má einmitt hafa sterkar skoðanir en yfirvegum felst í því að hlusta á aðra og stunda gagnrýna hugsun. Gagnrýna hugsun en ekki íhugun. Einveran felst ekki í því að liggja á bæn allan daginn því einveran er virkni. Arendt talar um virkni í sambandi við ábyrgð þess að taka þátt í eigin samtíma. Spinoza talar um virkni í eigin lífi og gleði sem því fylgi. Það þarf að fylgja gleði í því að taka ábyrgð, ábyrgð á sjálfum sér og löngun og gleði í að taka þátt í sameiginlegum markmiðum og verkefnum samtímafólks þíns.

Verum ekki til þess að vera. Verum vegna þess að við erum. Verum.

Heimildaskrá:

Arendt, Hannah. „Skilyrðing mannsins,“ „Heimspeki og stjórnámál“ og „Sannleikur og stjórnámál,“ *Af ást til heimsins*, ritstj. Sigríður Þorgeirsdóttir. Reykjavík: Heimspekistofnun – Háskólaútgáfan, 2011.

Baudrillard, Jean. „Framrás líkneskjanna“ *Frá eftirlíkingu til eyðimerkur*, ritstj. Geir Svansson. Reykjavík: Bjartur – ReykjavíkurAkademían, 2000.

Deleuze, Gilles. „Eftirmáli um stýringarsamfélög”. *Ritið* (1/2002): 155-162

Deleuze, Gilles. „Hvernig *Siðfræðin* greinir sig frá hvers kyns siðferði,“ *Ritið* (2004): 170-179.

Foucault, Michel, „Hvað er upplýsing? Hvað er bylting?“, *Hvað er heimspeki? Tíu greinar frá tuttugustu öld*, ritstj. Róbert Jack og Ármann Halldórsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001, 143-154.

Foucault, Michel „Skipan orðræðunnar“, *Spor í bókmenntafræði 20. Aldar*, ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1991, 191-226.

Foucault, Michel, „Nietzsche, sífjafræði og saga,“ *Alsæi, vald og þekking*, ritstj. Garðar Baldvinsson (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005) 212-240

Geir Svansson. „Inngangur,“ *Frá eftirlíkingu til eyðimerkur*, ritstj. Geir Svansson. Reykjavík: Bjartur – ReykjavíkurAkademían, 2000.

Gretar Fells, „Spinoza,“ *Alþýðublaðið* (Jól 1964): 909-912

Platon, *Ríkið*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997.

Rannsóknarnefnd Alþingis samkvæmt lögum nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna og tengdra atburða. *Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis*. Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis samkvæmt lögum nr. 142/2008, 2010.

Sigríður Þorgeirsdóttir, „Inngangur ritstjóra,“ í Hannah Arendt, *Af ást til heimsins*, ritstj. Sigríður Þorgeirsdóttir (Reykjavík: Heimspekistofnun – Háskólaútgáfan, 2011), 14.

Skirbekk, Gunnar og Nils Gilje. *Heimspækisaga*, Stefán Hjörleifsson þýddi. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008.

Arendt, „Sannleikur og stjórnámál,“ Guðrún Eva Mínervudóttir þýddi, *Af ást til heimsins*, ritstj. Sigríður Þorgeirsdóttir (Reykjavík: Heimspekistofnun – Háskólaútgáfan, 2011), 154-155.

Hannah Arendt, „Heimspeki og stjórnmál,“ Egill Arnarson þýddi, *Af ást til heimsins*, ritstj. Sigríður Þorgeirsdóttir (Reykjavík: Heimspekistofnun – Háskólaútgáfan, 2011), 109.